

38
31. maí

4. gr.
Að hverju hlaupi loknu skulu veðmálin reiknuð út. Útkoman auglýst, og vinningar borgaðir þegar í stað, gegn framvísun veðmiða.

5. gr.
Engin upphæð verður endurgreidd ef hestur hleypur upp eða fer ekki af stað, og komi af þeim eða öðrum orsökum ekki til greina samkvæmt kappreiðareglum félagsins.

6. gr.
Ef hlaup verður ógilt endurgreiðist veðfé aftur að frádregnum 20%.

7. gr.
Vinningar útborgast aðeins í heilum krónum, og er ekki ábyrgzt, að innskot fái st að fullu aftur.

8. gr.
Þeir, sem veðja, eru í einu sem öllu háðir kappreiðareglum félagsins og úrskurði dómnefndar t. d. þegar knapi er dæmdur úr leik missir hestur hans rétt til veðfjár o. s. frv.

9. gr.
Veðmiðar verða ekki innleystir síðar en 1 klukkustund eftir síðasta hlaup og því aðeins, að þeir séu með læsilegum tölum.

10. gr.
Unglingar innan 18 ára fá ekki að veðja.

11. gr.
Reglugerð þessi gengur í gildi 1. júní næstkomandi og gildir til 1. júní 1939.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 45 31. maí 1927 og birtist hér með til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli

Í dómsmálaráðuneytinu, 31. maí 1938.

Hermann Jónasson.

Gústav A. Jónasson.

39
1. júní

AUGLÝSING

um breyting á samþykkt nr. 18 12 apríl 1921, um lokunartíma sölubúða í Vestmannaeyjakaupstað.

1. mgr. 2. gr. samþykktar um lokun sölubúða í Vestmannaeyjum frá 12. apríl 1921 orðist svo:

Alla virka daga skal sölubúðum lokað eigi síðar en kl. 7 e. h. og eigi opnaðar fyrr en kl. 9 árdegis, þó með þeim undantekningum að á tímabilinu frá 1. júní til 31. ágúst skulu þær opnaðar eigi fyrr en kl. 9 árdegis og lokaðar eigi síðar en kl. 6 e. h. alla virka daga, að laugardegi undanskildum, en þann dag skal þeim lokað eigi síðan en kl. 2 e. h.

Brauðsölubúðir skulu opnar alla virka daga frá kl. 9 f. h. til kl. 7 e. h. og á sunnudögum frá kl. 9 f. h. til kl. 3 e. h. og frá kl. 6 e. h. til kl. 7 e. h.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 17 1. febrúar 1936 til 39
þess að öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt eru úr gildi felldar samþykktir nr. 21 1. júní
10. paríl 1931 og nr. 57 31. júlí 1936, um viðauka við samþykkt nr. 18 12. apríl 1921.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 1. júní 1938.

Skúli Guðmundsson.

Gunnl. E. Briem.

G J A L D S K R Á

vatnsveitu Dalvíkurþorps.

40

3. júní

1. gr.

Af öllum húsum á vatnsveitusvæðinu, sem vatn nota, skal greiða vatnsskatt árlega. Skal skatturinn lagður á eftir virðingarverði húsanna til húsaskatts. Upphæð vatnsskattsins er þannig:

Íbúðarhús, sölubúðir og önnur slík hús.	
Af húsum virtum upp í 5000 kr. greiðist	5 %
— — — yfir 5000 — upp í 10000 greiðist	4½—
— — — — 10000 — greiðist	4 —

2. gr.

Af húsum þeim, sem nota vatn til annara en venjulegra heimilisþarfa vegna atvinnu, sem í þeim er rekin, skal greiða aukagjald eftir samkomulagi við hreppsnefnd. Sömuleiðis fyrir hreyfivélar, verksmíðjur, baðhús, þvottahús, iðnaðarfyrirtæki, og til hvernar annarar slíkrar notkunar.

Fyrir vatnssalerni greiðist 5 kr. og fyrir hvern stórgrip 4 kr. árlega og fyrir vatnshana utanhúss greiðist 4 kr.

3. gr.

1. Fyrir vatn til fiskþvottar skal greiða 20 aura fyrir hvert skippund fiskjar.
2. Fyrir vatn í síldar- eða kjötpækil skal greiða 10 aura fyrir hverja tunnu síldar og 20 aura fyrir hverja tunnu kjöts.
3. Fyrir vatn til skipa skal greiða 2 kr. við afhendingu fyrir smálestina, þó sé aldrei greitt minna í hvert skipti en 6 krónur fyrir fiskiskip og 15 krónur önnur skip, enda hefir enginn leyfi til þess að selja vatn eða gefa til skipa, nema vatnsveitan sjálf. Vatnsvirkjari skal sjá um afhendingu vatns til skipa.

4. gr.

Gjöld þessi getur hreppsnefndin hækkað eða lækkað eftir ástæðum allt að 20%, þó má gjaldið aldrei fara fram úr 5% af fasteignamatsverði húseigna, er skatti þessum eiga að svara.

5. gr.

Gjalddagi vatnsskatts er 1. maí og 1. október ár hvert og greiðist helmingur skattsins á hvorum gjalddaga. Skatturinn greiðist í fyrsta sinn 1. júlí 1938. Húseigendur bera ábyrgð á greiðslu vatnsskatts og má taka hann lögtaki.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vantalögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi 1. júlí 1938 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 3. júní 1938.

Skúli Guðmundsson.

Páll Pálmason.